



Fundargerð

Priðjudaginn 4. apríl 2023 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.30 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar að Túnbraut 1-3.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Grímur Rúnar Lárusson, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Vignir Sveinsson varamaður.

Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins. Eydís Inga Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri sat fundinn undir 1. og 2. dagskrárlið. Þá sátu Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Berglind Hlín Baldursdóttir fræðslustjóri sátu fundinn undir 2.-6. lið.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Formaður bar upp breytingartillögu í upphafi fundar og óskaði eftir því að eftirfarandi lið yrði bætt á dagskrá undir 5. lið - *Fyrirkomulagi bakvakta barnaverndar og heimilisofbeldis*. Var tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

Dagskrá:

1. Sæborg

a. Lokaskýrsla Landlæknis

Fyrir fundinum lá úttekt á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Sæborg sem framkvæmd var á grundvelli reglubundnu eftirliti landlæknis sem hefur eftirlitshlutverk með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Hjúkrunarforstjóri fór fyrir skýrsluna og tímasetta úrbótaáætlun sem unnin var á grundvelli hennar.

Í skýrslunni kemur fram að það sé mat embættis landlæknis að bæta þurfi mönnun og ýmislegt er varðar húsnaði til að bæta frekar öryggi íbúa. Brýnt er að leita allra leiða til að tryggja viðeigandi mönnun svo til að gæði heilbrigðisþjónustunnar sem veitt er á Sæborg haldist a.m.k.

US
CARL
AMT



óbreytt sérstaklega með tilliti til mikillar bakvaktarbyrði hjúkrunarforstjóra. Embætti landlæknis telur mikilvægt að afleysing fyrir hjúkrunarforstjóra sé tryggð til að tryggja órofinn rekstur. Eins er mikilvægt að auka öryggi íbúa og starfsfólks á næturvöktum með aukinni mönnun (sem gæti einnig dregið úr útkallatíðni hjúkrunarforstjóra).

Gerir landlæknisembættið athugasemdir varðandi aðstöðu starfsfólks og íbúa til að athafna sig við daglega umönnun íbúa og leggur til að stjórn geri áætlun varðandi nauðsynlegar breytingar á húsnæði m.a. á sameiginlegu baðherbergi, baðherbergjum í sérrými íbúa og í eldhúsi.

Þá gerir landlæknisembættið einnig þá kröfu að gera þjónustukannanir meðal sjúklinga og aðstandenda og beinir til Sæborgar að nýta þær niðurstöður til úrbóta.

Það er ljóst að ofangreindu að það þarf að tryggja reglulega afleysingu hjúkrunarforstjóra og auka við mönnun svo hægt sé að verða við kröfum embættisins er það varðar og að tveir skuli vera á næturvakt. Bæta þarf því 1,6 stöðugildi amk við núverandi áætlun ef verða á við þeim tilmælum. Þá þarf einnig að fá aðstoð fagaðila við að framkvæma þjónustukannanir sem ekki hefur verið gert áður á Sæborg. Er ljóst að það muni hafa í för með sér aukin kostnað sem þyrfti að gera ráð fyrir í núverandi fjárhagsáætlun með viðauka.

Ráðast þarf í framkvæmdir á sameiginlegu baðherbergi sem nýtist til böðunar hjá þeim sem þurfa meiri aðstoð starfsmanna við böðun og þeirra sem þurfa aðstoð stórra aðstoðartækja eins og baðstóla vegna hrumleika. Hjúkrunarforstjóri leggur til að heitur pottur sem tekur stóran part af rými baðherbergisins verði fjarlægður og sett verði hæðastillanlegt baðkar til að bæta vinnuaðstæður fyrir starfsfólk og þá íbúa sem eru ósjálfbjarga. Þá hefði sú breyting einnig í för með sér betra geymslurými fyrir aðstoðartæki.

Embætti landlæknis mun fylgja framangreindum tilmælum eftir. Dvalar- og hjúkrunarheimilið Sæborg sendi embættinu tímasetta umbótaáætlun 29. mars 2023 og mun í framhaldinu senda framgangsskýrslu í júní 2023 og í nóvember 2023.

Stjórn ræddi framlögð gögn og er sammála því að framkvæmdaþörfin sé rík. Ráðist hefur verið í umfangsmiklar framkvæmdir á húsnæðinu með stuðningi frá Framkvæmdasjóði aldraðra sem er forsenda þess að hægt sé að fara í áframhaldandi framkvæmdir. Það hangir einnig saman við að rekstur hjúkrunarheimilisins standi undir sér og því mikilvægt að Sjúkratryggingar

GRK
AYA



samþykki notkun á tíunda hjúkrunarrýminu á Sæborg svo að möguleiki sé að reksturinn sé með því móti að hægt sé að bregðast við framkvæmdaþörf án mikillar lántöku. Var framkvæmdastjóra falið að halda samtali við ríkið áfram að því sem viðkemur rekstri heimilisins.

b. Stuðningur við rekstur fordæmisgefandi dómsmáls

Fyrir fundinum lá erindi framkvæmdastjóra til Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 24. febrúar 2023 þar sem óskað er eftir stuðningi til þess að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmáls á sviði vinnuréttar sem byggir á gagnáfrýjunarstefnu í landsréttarmáli nr. 687/2022. Framkvæmdastjóra barst jákvætt svar við beiðninni þann 29. mars 2023. Hámarksstyrkur er 2.000.000 kr. og greiðist styrkurinn eftir að dómsniðurstaða liggur fyrir. Erindin voru lögð fram til kynningar.

2. Drög að reglum um stuðning starfsmanna til náms

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um námsstyrki til starfsmanna Félags- og skólajónustu A- Hún sem stjórn fór yfir og ræddi. Voru reglurnar samþykktar með áorðnum breytingum og framkvæmdastjóra falið að senda reglurnar á forstöðumenn stofnana til birtingar.

3. Innleiðing farsældar

a. Drög að stefnu

Fyrir fundinum lágu drög að stefnu um innleiðingu farsældar og minnisblað ritað af félagsmálastjóra og fræðslustjóra. Unnið hefur verið að innleiðingu farsældar markvisst allt síðast ár og mun halda áfram. Skipulagning á innleiðingu hefur verið í höndum félagsmálastjóra og fræðslustjóra. Mikil samvinna hefur verið við Barna og fjölskyldustofu, ráðstefnur og fundir vegna farsældarinnar hafa tekið umtalsverðan tíma frá örðum störfum. Taka skal fram að innleiðing laganna á að vera ferli og því á ekki að vera lokið fyrir en 2025.

b. Ráðning starfsmanns

Í fjárhagsáætlun Byggðarsamlagsins fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir starfsmanni inn í Byggðasamlagið 40% fræðslu megin vegna nýrra skólajónustulaga og kennsluráðgjafar og

WR
DS
AS



60% félagsþjónustu megin vegna innleiðingar á farsældinni. Eftir samráð við Barna og fjölskyldustofu og framkvæmdastjóra Byggðarsamlagsins var auglýsing send út í lok mars. Niðurstaðan varð sú að auglýsa eftir starfsmanni sem sinnir innleiðingu farsældarinnar fyrir Byggðarsamlagið. Hann mun einnig taka á sig skyldur málastjóra farsældar og tengiliðar barna sem ekki eru í framhaldsskóla. Áætlað er að ráðningu verði lokið í maí 2023.

4. Aflið, drög að samstarfssamningi

Fyrir fundinum lágu drög að samstarfssamningi við Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi um þjónustu sem Aflið mun veita einstaklingum og hópum á svæðinu þjónustu í samvinnu við félagsþjónustu sveitarfélagsins. Áætlaður heildarkostnaður vegna samstarfsins nemur kr. 1.500.000,-. Voru sammingsdrög borin upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum. Var stjórnarformanni falið að leggja fullkláraðan samning fyrir næsta fund stjórnar og verður kostnaði vísað til viðauka við fjárhagsáætlun ársins.

5. Fyrirkomulagi bakvakta barnaverndar og heimilisofbeldis

Rætt var um breytingu á fyrirkomulagi á bakvakt vegna barnaverndar og heimilisofbeldis og lögð fram ný útfærsla til umræðu hjá stjórn. Þörf er á að bæta við starfsfólki og gera nýja ráðningasamninga sem taka mið af framangreindum breytingum. Var framkvæmdastjóra og stjórnarformanni falið að vinna kostnaðaráætlun vegna breytinganna og leggja fyrir stjórn á næsta fundi samhliða viðauka við fjárhagsáætlun vegna aukins kostnaðar. Ráðningasamningar verða gerðir í kjölfarið.

6. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 18:24

AYA
LRL



Ásdís Ýr Arnardóttir

Ásdís Ýr Arnardóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Grímur Lárusson

Grímur Lárusson

Vignir Sveinsson

Vignir Sveinsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir



Stjórn:

Jón Gíslason

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Jón Örn Stefánsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Starfsmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir